

Nd.

### 103. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Þegar stjórnarskipunarlögin frá 3. okt. 1903 voru til umræðu á alþingi 1902, kom til orða að hafa ráðherraembættið eftirlaunalaust, en vegna skildaga stjórnarinnar fyrir staðfestingu frumvarpsins, þótti ekki fært að halda því atriði til streitu. Síðan hefir verið vakið máls á því aftur og aftur, að lækka ráðherraeftirlaunin og jafnvel afnema þau með öllu; en síðari leiðin er ekki fær án breytingar á stjórnarskránni. Út á fyrri leiðina var lagt bæði á alþingi 1909 og 1911, en málið gekk í hvorugt skiftið fram, vegna ósamkomulags um auka-atriði.

Meiri hluti nefndarinnar er á því, að lækka beri eftirlaun ráðherra nú þegar. Það þarf naumast að gjöra ráð fyrir því, að lækkunin mundi fæla aðra frá að takast embættið á hendur en þá, sem líta kynnu fullmikið á eigin hagsmuni, og að slíkum mönnum væri ekki mikil eftirsjá. Hitt er aftur á móti vist, að ráðherraeftirlaunin hafa verið alltilfinnanleg byrði á landssjóði, því nær 21,000 kr. á rúmum 3 árum, en enn þá miklu tilfinnanlegri myndu þau verða, ef ráðherrum yrði fjölgað, svo sem við borð liggur, og allsendis óvist, að fjölguninni yrði samfara afnám eftirlaunanna.

Meiri hlutanum þykir eftirlaunahæð frumvarpsins hæfileg, og leyfir sjer því að leggja það til, að frumvarpið verði samþykkt. En af því að orðaður hefir verið efi um afstöðu frumvarpsins til eldri eftirlaunalaga, þykir eftir atvikum rjett, að bæta aftin við 1. gr. svo hljóðandi málsgrein:

Undanfarandi ákvæði eiga ekki við þá, sem unnið kunna að hafa sjer  
rjett að lögum til annarar eftirlaunaupphæðar.

Neðri deild Alþingis, 29. júlí 1912.

Jón Magnússon,  
formaður.

Lárus H. Bjarnason,  
skrifari og framsögumaður.

Ólafur Briem.      Sigurður Sigurðsson.      Tryggvi Bjarnason.